# Ársuppgjör 2021

**Lilja Björk Einarsdóttir**

Bankastjóri

**Hreiðar Bjarnason**

Framkvæmdastjóri
Fjármála og rekstrar



# Traustur rekstur til framtíðar

## Áhersla á öryggi og traustan rekstur bankans til framtíðar

- Stórir áfangar í einföldun innviða
- Staðfest lánshæfiseinkunn
- Næstum allir virkir viðskiptavinir með gilda áreiðanleikakönnun
- ISO 27001 vottun í upplýsingaöryggi

## Sterk rekstrarniðurstaða fyrir árið 2021 og traustur efnahagur

- Markmið um 10% arðsemi náð
- Aukning í þjónustutekjum í takt við áherslur bankans
- Efnahagsreikningur stækkar um 11%
- Áætlaðar arðgreiðslur 14,4 ma.kr.
- Aukin gæði útlánasafns

## Leiðandi fjármálafyrirtæki í sjálfbærni

- Nýr sjálfbær fjármögnunarrammi
- Kolefnisspor af útlánasafni metið
- Sjálfbærnimerki bankans gefið út
- Öll starfsemi kolefnisjöfnuð
- Sjálfbærniskýrslur endurskoðaðar
- Tvær grænar skuldabréfaútgáfur

## Stækkandi hópur viðskiptavina býr til tækifæri til að skapa tekjur

- Hæsta markaðshlutdeild á einstaklingsmarkaði, 39,5%
- Hæsta markaðshlutdeild banka á íbúðalánamarkaði
- Efst í ánægjuvoginni þriðja árið í röð
- Mesta aukning nýrra fyrirtækja í viðskiptum frá upphafi
- Þrír nýir sjóðir Landsbréfa stofnaðir á árinu
- 25% aukning í samningum um eignastýringu

# Stöðugur árangur í takt við nýja stefnu – Landsbanki nýrra tíma
## - Traustur rekstur og sterk fjárhagsstaða

**Afkoma**

- Hagnaður ársins er 28,9 ma.kr. og arðsemi eigin fjár er 10,8%.
- Sterk staða á öllum sviðum og hagkvæmur rekstur er grunnur góðrar afkomu ársins 2021.
- Aukin skilvirkni skilar sér í lækkandi hlutfalli rekstrarkostnaðar af heildareignum sem er 1,44% og lækkar um tæp 8% á milli ára.

**Rekstrartekjur**

- Hreinar þjónustutekjur aukast um 24% á árinu 2021 sem skýrist af fjölgun viðskiptavina ásamt auknum umsvifum í eignastýringu og markaðsviðskiptum. Eignir í stýringu vaxa um 31% milli ára.
- Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna nam 2,3% á árinu 2021.
- Viðsnúningur er í virðisbreytingum útlána milli ára en virðisbreytingar eru jákvæðar um 7.037 m.kr. samanborið við neikvæðar virðisbreytingar upp á 12.020 m.kr. árið 2020. Viðsnúninginn má rekja til mun betri stöðu fyrirtækja og heimila en gert var ráð fyrir í kjölfar Covid- 19 faraldursins.

**Leiðandi lánveitandi**

- Landsbankinn er stærsti lánveitandi á Íslandi til fyrirtækja og einstaklinga og hefur markaðshlutdeild bankans í íbúðarlánum aldrei mælst hærri.
- Áframhaldandi lækkun er á vanskilalíkum einstaklinga og fyrirtækja.

**Fjölbreytt fjármögnun**

- Áframhaldandi innlend skuldabréfaútgáfa til að fjármagna vöxt íbúðalána.
- Gott aðgengi að erlendum fjármagnsmörkuðum. Fyrstu tvær grænu skuldabréfaútgáfur bankans í evrum áttu sér stað á árinu.
- Innlán viðskiptavina aukast um 13% og nema 900 ma.kr., sem er um helmingur af heildarfjármögnun bankans.

**Sterk eiginfjárstaða**

- Eigið fé bankans í lok árs var 283 ma.kr.
- Eiginfjárgrunnur er 53 ma.kr. umfram eiginfjármarkmið bankans og 88 ma.kr. umfram heildareiginfjárkröfu Fjármálaeftirlits Seðlabankans.

Hagnaður

**28,9** ma.kr.

10,8% arðsemi eigin fjár

Eiginfjárhlutfall

**26,6%**

Lágmarkskrafa 18,9%

Kostnaðarhlutfall

**43,2%**

Hlutfall kostnaðar og tekna (K/T hlutfall)

Heildarútlán

**1.387** ma.kr.

Ánægjuvogin

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2021 | ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2020 | ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2019

Eignir í stýringu

**726** ma.kr.*

*Að meðtöldum lífeyrissparnaði

Áhættumats- og lánshæfiseinkunn

SUSTAINALYTICS hverfandi áhætta

S&P Global Ratings BBB með stöðugum horfum

Landsbankinn gaf út græn skuldabréf fyrir 600 milljónir evra

Besti bankinn á Íslandi að mati *Euromoney*

EUROMONEY AWARDS FOR EXCELLENCE 2021

# Breytt skipulag styður við stefnu bankans og setur viðskiptavini í forgrunn

**Samfélag** er nýtt svið sem sameinar krafta mannauðs, markaðsmála, samskipta, greininga og sjálfbærni til að slagkraftur bankans verði sem mestur.

**Endurnýjun og starfsþróun** með þremur nýjum framkvæmdastjórum og fjölmörgum nýjum stjórnendum innan bankans.

**Sterk staða bankans** um land allt og áframhaldandi áhersla á að öll útibú geti þjónustað viðskiptavini, hvar sem er á landinu.



Einstaklingar

# Aukin ánægja viðskiptavina með snjallari lausnum



**320.000**
símtöl í Þjónustuver

**63%**
af notkun apps og netbanka er utan hefðbundins opnunartíma

**39,5%**
markaðshlutdeild á einstaklingsmarkaði

**36.100.000**
innskráningar í app og netbanka

**34.000**
pantaðir tímar í fjármálaráðgjöf og fjarfundi

**95%**
viðskiptavina breyta kreditkortaheimild í sjálfsafgreiðslu

**80%**
neyslulána eru afgreidd í sjálfsafgreiðslu

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2021
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2020
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2019

Fyrirtæki

# Gott samstarf skiptir öllu



# Sjálfbær fjármál stuðla að betra umhverfi og samfélagi

## Losun gróðurhúsalofttegunda

| | |
|---|---|
| Starfsemi bankans | **3,1 kt$CO_2$** |
| Húsnæðislán | **1,08 kt$CO_2$** |
| Bíla- og tækjalán | **54,94 kt$CO_2$** |
| Fyrirtækjalán | **226,9 kt$CO_2$** |

Landsbankinn gaf út sína fyrstu sjálfbæru fjármálaumgjörð á árinu sem er vottuð af alþjóðlega matsfyrirtækinu Sustainalytics.

Landsbankinn gaf út græn skuldabréf í febrúar og nóvember, samtals að fjárhæð 600 milljónir evra. Með grænni skuldabréfaútgáfu náði bankinn að breikka fjárfestahóp bankans verulega og hlaut útgáfan góðar viðtökur meðal erlendra fjárfesta.

Við kynntum nýjan eignadreifingarsjóð sem leggur áherslu á fjárfestingar í fyrirtækjum sem eru framarlega í sjálfbærni skilar góðri ávöxtun.

Hluti af aukinni þjónustu við viðskiptavini er að miðla af vinnu okkar og þekkingu í þágu sjálfbærni. Með þessu gerum við félögum kleift að fjármagna verkefni sín á sjálfbæran hátt og hljóta þau sjálfbærnimerki Landsbankans sem nota má í kynningarefni.

SUSTAINALYTICS hverfandi áhætta

Bankinn hlaut sína hæstu einkunn hingað til í árlegu UFS-áhættumati Sustainalytics og taldar eru hverfandi líkur á að bankinn verði fyrir áföllum vegna UFS-þátta samkvæmt matinu.

Á árinu reiknaði bankinn og birti losun gróðurhúsalofttegunda frá útlánasafni sínu samkvæmt aðferðafærði PCAF og var einn af fyrstu bönkum í heimi til þess.

Á árinu 2021 héldum við áfram að kolefnisjafna starfsemi bankans. Landsbankinn endurnýjaði hina alþjóðlega viðurkenndu CarbonNeutral® vottun.

HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Landsbankinn setti sér uppfærða og víðtæka sjálfbærnistefnu á árinu þar sem við uppfærðum einnig nálgun bankans á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Við leggjum áherslu á fjögur heimsmarkmið: 5 - Jafnrétti kynjanna, 8 - Góð atvinna og hagvöxtur, 9 - Nýsköpun og uppbygging og 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum.

## Fyrirtæki

**Einfaldar flýtileiðir**
Það hefur aldrei verið auðveldara að bæta bankareikningum, kortum og notendum í netbankann og appið.

**Snjöll leiðsögn**
Í netbankanum er gagnvirk leiðsögn sem auðveldar viðskiptavinum að finna upplýsingar og aðgerðir.

**Sjálfvirk stofnun innheimtukrafna**
Viðskiptavinir geta sett upp reglulega stofnun krafna sem hentar sérstaklega vel fyrir til dæmis mánaðarlega innheimtu.

**Öflugari stýring innheimtu**
Nú geta viðskiptavinir stofnað og breytt innheimtureglum, aðlagað þær að eigin þörfum og þörfum sinna viðskiptavina.

**Betri yfirsýn yfir innheimtuárangur**
Netbankinn sýnir stöðu innheimtusafnsins í máli og myndum, bæði samandregnar lykilupplýsingar og ítarlegar skýrslur.

**Stofnun kreditkorta í sjálfsafgreiðslu**
Viðskiptavinir geta nú stofnað kreditkort fyrir starfsfólkið sitt sem jafnframt fær netbankaaðgang að kortinu og getur greitt snertilaust með símanum og úrinu.

**Vaxtareikningur sjálfbær**
Innlánum er ráðstafað til fjármögnunar verkefna sem stuðla að sjálfbærni.




## Einstaklingar

**Sparað í appi**
Skilvirk leið til að spara þar sem viðskiptavinir velja sér sparnaðarleiðir í þeim tilgangi að ná settum sparnaðarmarkmiðum.

**Vasapeningar**
Fyrirframgreitt kort fyrir 9-18 ára sem foreldrar sækja um í appinu og fá sent heim. Góð yfirsýn í appinu og aukið öryggi í netverslun.

**Betri kjör á föstum vöxtum**
Við bjóðum viðskiptavinum betri kjör á föstum vöxtum miðað við veðhlutfall.

**Vaxtareikningur sjálfbær**
Innlánum á reikningnum er ráðstafað til verkefna sem stuðla að sjálfbærni.

**Fjarfundir og ráðgjöf til kl. 18**
Við bjóðum viðskiptavinum upp á sveigjanleika í þjónustu en nú geta viðskiptavinir pantað fjarfundi til kl. 18 alla virka daga.

**Festa vexti á íbúðalánum í appi**
Einföld leið að sækja um að festa vexti á íbúðalánum.

**Eignadreifing sjálfbær**
Sjóður þar sem leið eignadreifingar og sjálfbærni er valin til ávöxtunar.

# Fjárhagsleg markmið og þróun lykilmælikvarða
## - Sterkur efnahagur styður við metnaðarfulla stefnu bankans

| | Markmið | 2021 | Leiðbeinandi viðmið |
|---|---|---|---|
| **Arðsemi** | | | |
| **Arðsemi eigin fjár** | ≥ 10% | 10,8% | Langtímamarkmið bankans er að arðsemi eigin fjár verði um eða yfir 10%.<br><br>Vænt arðsemi eigin fjár á árinu 2022 er 7,5 – 9,0%. |
| **Skilvirkni** | | | |
| **Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)** | ≤ 45% | 43,2% | Vænt K/T hlutfall á árinu 2022 er 40 – 42%. |
| **Fjárhagslegur styrkur** | | | |
| **Arðgreiðsluhlutfall** | ~ 50% | 42,7% | Bankaráð hyggst leggja til að um 50% af hagnaði fyrra árs verði greiddur í arð á árinu 2022. Einnig er bankaráð með til skoðunar að leggja til sérstaka arðgreiðslu fyrir aðalfundinn. |
| **Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)** | ≥ 18% | 24,8% | Bankinn mun leitast við að gefa út víkjandi fjármögnun á markaði, sé það talið hagkvæmt og hagfellt fyrir fjármagnsskipan bankans.<br><br>Markmið bankans er einnig að vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárhlutfall, eins og það er ákvarðað og metið af viðeigandi lánshæfismats-fyrirtækjum. |
| **Eiginfjárhlutfall alls** | ≥ 22% | 26,6% | |

### Arðsemi eigin fjár




### Eiginfjárhlutfall alls




### Kostnaðarhlutfall (K/T)




### Heildarlausafjárþekjuhlutfall



# Landsbanki nýrra tíma

## ÁNÆGÐIR VIÐSKIPTAVINIR

Einföldum viðskiptavinum lífið

Frumkvæði

## STÖÐUG FRAMFÖR

Snjallari starfsemi

Traustur banki

## VIÐ ELSKUM ÁRANGUR

Árangursdrifin menning

Vinnustaður framtíðarinnar

# Rekstrarreikningur



# Rekstrarreikningur

| | 2021 | 2020 | Breyting | | 4F 2021 | 4F 2020 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 38.953 | 38.074 | 879 | 2% | 10.395 | 9.694 | 701 | 7% |
| Hreinar þjónustutekjur | 9.483 | 7.638 | 1.845 | 24% | 2.593 | 1.981 | 612 | 31% |
| Hrein virðisbreyting útlána | 7.037 | -12.020 | 19.057 | 159% | 3.247 | 1.535 | 1.712 | 112% |
| Aðrar rekstrartekjur | 6.857 | 4.561 | 2.296 | 50% | 482 | 4.867 | -4.385 | -90% |
| **Rekstrartekjur samtals** | **62.330** | **38.253** | **24.077** | **63%** | **16.717** | **18.077** | **-1.360** | **-8%** |
| Laun og launatengd gjöld | 14.759 | 14.767 | -8 | 0% | 4.028 | 3.986 | 42 | 1% |
| Annar rekstrarkostnaður | 9.105 | 9.064 | 41 | 0% | 2.386 | 2.434 | -48 | -2% |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 2.013 | 1.815 | 198 | 11% | 508 | 400 | 108 | 27% |
| **Rekstrargjöld samtals** | **25.877** | **25.646** | **231** | **1%** | **6.922** | **6.819** | **103** | **2%** |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **36.453** | **12.607** | **23.846** | **189%** | **9.795** | **11.258** | **-1.463** | **-13%** |
| Tekjuskattur | 7.534 | 2.086 | 5.448 | 261% | 2.473 | 1.436 | 1.037 | 72% |
| **Hagnaður tímabils** | **28.919** | **10.521** | **18.398** | **175%** | **7.322** | **9.822** | **-2.500** | **-25%** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Hreinar rekstrartekjur

## - Mikil umsvif á verðbréfamörkuðum og aukin áhersla á þjónustutekjur skila árangri




### Hreinar vaxtatekjur




### Hreinar þjónustutekjur




### Virðisbreytingar



# Hreinar rekstrartekjur
## - Hækkanir á hlutabréfamarkaði hafa jákvæð áhrif á afkomu bankans

### Hlutabréf




### Aðrar rekstrartekjur (og gjöld)




### Markaðsskuldabréf




### Gengismunur gjaldmiðla




Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrargjöld
## - Stöðuleiki í rekstrarkostnaði undanfarin ár

### Laun og tengd gjöld




### Stöðugildi




### Annar rekstrarkostnaður









Fjárhæðir í milljónum króna

# Skattar

## - Skattgreiðslur hækka umtalsvert vegna betri afkomu

| | 2021 | 2020 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Reiknaður tekjuskattur | 5.927 | 1.692 | 4.235 | 250% |
| Sérstakur fjársýsluskattur á hagnað [1] | 1.607 | 394 | 1.213 | 308% |
| **Tekjuskattur** | **7.534** | **2.086** | **5.448** | **261%** |
| | | | | |
| Sérstakur fjársýsluskattur á fjármálafyrirtæki [2] | 2.013 | 1.815 | 198 | 11% |
| Sérstakur fjársýsluskattur á laun [3] | 716 | 707 | 9 | 1% |
| Tryggingagjald [4] | 794 | 816 | -22 | -3% |
| **Samtals** | **11.057** | **5.424** | **5.633** | **104%** |

[1] 6% viðbótarskattur á tekjuskattsstofn umfram 1 milljarð króna.

[2] Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki 0,145% byggir á bókfærðu virði skulda í lok árs og er greiddur árlega. Skatturinn reiknast af bókfærðu virði skulda, að skattskuldum frátöldum, umfram 50 milljarða króna. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki fellur undir ófrádráttarbært gjald til tekjuskatts.

[3] 5,5% skattur á laun, bókast meðal launa og tengdra gjalda í ársreikningi.

[4] 6,35% tryggingagjald á laun (6,1% 2020), bókast meðal launa og launatengdra gjalda

**Skattar**



# Efnahagsreikningur



# Heildareignir

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka | 83 | 68 | 15 | 22% |
| Markaðsskuldabréf | 151 | 119 | 32 | 27% |
| Hlutabréf | 33 | 27 | 6 | 22% |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 47 | 48 | -1 | -2% |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.387 | 1.273 | 114 | 9% |
| Aðrar eignir | 29 | 29 | 0 | 0% |
| **Samtals** | **1.730** | **1.564** | **166** | **11%** |

- Útlán til einstaklinga jukust um 133 milljarða króna. Íbúðalán hækkuðu um 25% eða um 128 milljarða króna.
- Útlán til fyrirtækja drógust saman um 19 milljarða króna, af því skýra áhrif gengis gjaldmiðla 8,8 milljarða króna lækkun.









Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán og kröfur á viðskiptavini

## - Mikil aukning óverðtryggða útlána samhliða uppgreiðslum verðtryggðra útlána - vanskilahlutföll hafa aldrei verið lægri

### Heildarútlán







### Vandræðalán




*Vegna tímabundinna COVID-19 úrræða og frestunar á greiðslum má ætla að vanskil mælist minni en ella.

### Útlán eftir áhættustigum

| | Bókfært virði brúttó | | Virðisrýrnunarsjóður | | Bókfært virði | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Áhættustig 1 | 1.240 | 88,5% | 2 | 0,1% | 1.238 | 89,3% |
| Áhættustig 2 | 107 | 7,6% | 4 | 3,8% | 103 | 7,4% |
| Áhættustig 3 | 32 | 2,3% | 8 | 24,6% | 24 | 1,7% |
| Gangvirði | 22 | 1,6% | | | 22 | 1,6% |
| **Samtals** | **1.401** | **100%** | **14** | **1%** | **1.387** | **100%** |

Fjárhæðir í milljörðum króna

# Virðisbreyting útlána

## - Hraður efnahagsbati og sterk staða heimila og fyrirtækja leiðir til tekjufærslu í virðisbreytingum útlána

### Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina




### Áhættukostnaður útlána




### Covid aðlögun fyrirtækja frá 2020




### Virðisrýrnunarsjóður sem hlutfall af kröfuvirði




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til einstaklinga
## - Landsbankinn er stærsti lánveitandi íbúðalána á Íslandi - veðhlutföll fara áfram lækkandi

### Útlán til einstaklinga




### Útlán til einstaklinga eftir flokkun í áhættustig




### Útlán heimila eftir lánsformum




### Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til fyrirtækja
## - Sterk staða fyrirtækja í flestum atvinnugreinum - töluvert um uppgreiðslur verðtryggðra lána

### Útlán til fyrirtækja




### Útlán til fyrirtækja eftir flokkun í áhættustig




### Útlán til fyrirtækja eftir atvinnugreinum




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Skuldir og eigið fé

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 10 | 49 | -39 | -80% |
| Innlán frá viðskiptavinum | 900 | 793 | 107 | 13% |
| Lántaka | 486 | 420 | 66 | 16% |
| Aðrar skuldir | 30 | 23 | 7 | 30% |
| Víkjandi lántaka | 21 | 21 | 0 | 0% |
| Eigið fé | 283 | 258 | 25 | 10% |
| **Samtals** | **1.730** | **1.564** | **166** | **11%** |

- Innlán frá viðskiptavinum aukast um 106 milljarða frá áramótum.
- Aukin útgáfa sértryggðra skuldabréfa samhliða aukningu í íbúðalánum.

## Innlán frá viðskiptavinum




## Skuldir og eigið fé



# Lánsfjármögnun

## - Útgáfa grænna skuldabréfa að fjárhæð €600 milljónir á árinu og áframhaldandi útgáfa sértryggðra skuldabréfa í krónum

### Sundurliðun lánsfjármögnunar







### Útgáfa lánsfjármögnunar




### Endurgreiðsluferill lánsfjármögnunar *




*EUR 100m víkjandi lán eru á gjalddaga 2028 með innköllunarheimild 2023.
ISK 5,5 milljarðar víkjandi lán er á gjalddaga 2029 með innköllunarheimild 2024.

Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja
## - Sterk lausafjár- og fjármögnunarhlutföll

### Heildarlausafjárþekja




### Fjármögnunarþekja




### Lausafjárþekja ISK




### Lausafjárþekja erlendra mynta



# Eiginfjárkröfur

## - Sterk eiginfjárhlutföll gera bankann vel í stakk búinn til að mæta fyrirhugaðri hækkun sveifluauka

| | CET1 | Tier 1 | Alls |
|---|---|---|---|
| Stoð I | 4,5% | 6,0% | 8,0% |
| Stoð II-R | 2,0% | 2,6% | 3,5% |
| **Lámarkskrafa undir Stoð I og Stoð II-R** | **6,5%** | **8,6%** | **11,5%** |
| Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu | 2,9% | 2,9% | 2,9% |
| Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki | 2,0% | 2,0% | 2,0% |
| Sveiflujöfnunarauki | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| Verndunarauki | 2,5% | 2,5% | 2,5% |
| **Samanlögð krafa um eiginfjárauka undir Stoð II-G** | **7,4%** | **7,4%** | **7,4%** |
| **Heildarkrafa um eiginfjárgrunn** | **13,9%** | **16,0%** | **18,9%** |
| **Eiginfjárhlutfall alls 31.12.2021** | **24,8%** | **24,8%** | **26,6%** |

### Heildarkrafa um eiginfjárgrunn sem hlutfall af áhættugrunni




### Áhættuvegnar eignir




- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. Standardised Approach) við útreikning á eiginfjárkröfum undir Stoð I fyrir útlána og markaðsáhættu. Fyrir rekstraráhættu notast bankinn við grundvallaraðferð (e. Basic Indicator Approach). Bankinn beitir virkri nálgun (dynamic approach) hvað varðar aðlögunarákvæði um IFRS 9.
- Þann 29. september 2021 tilkynnti Fjármálastöðuleikaráð að sveiflujöfnunaraukinn myndi hækka upp í 2,0% með gildistöku 29.9.2022.
- Skilavald Seðlabanka Íslands hefur hafið ferli við töku ákvörðunar um MREL Landsbankans og er gert ráð fyrir að endanleg ákvörðun liggi fyrir á fyrri helmingi ársins 2022.



Fjárhæðir í milljónum króna

# Arðgreiðslur og eiginfjárhlutfall

## - Stefna bankans er að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í arð

### Arðgreiðsla 2021

- Regluleg arðgreiðsla að fjárhæð 0,19 krónum á hlut.
- Samtals að fjárhæð 4.489 milljónum króna, samsvarar 43% af hagnaði ársins 2020.

### Arðgreiðslutillaga 2022*

- Regluleg arðgreiðsla að fjárhæð 0,61 krónum á hlut, samtals að fjárhæð 14.409 milljónum króna sem samsvarar 50% af hagnaði ársins 2021.
- Verði arðgreiðslan samþykkt á aðalfundi í mars 2022 mun eiginfjárhlutfall bankans að óbreyttu lækka um 1,3 prósentustig.
- Einnig er bankaráð með til skoðunar að leggja til sérstaka arðgreiðslu fyrir aðalfundinn.

### Endurkaup eigin hluta

- Bankinn mun bjóða hluthöfum að selja eignarhluti sína í bankanum, í samræmi við heimild aðalfundar, samtals sem nemur allt að 57 milljónum hluta eða um 0,24% af útgefnu hlutafé bankans.

### Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárhlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

### Arðgreiðslur




### Eiginfjárhlutfall alls, breytingar 2021




Fjárhæðir í milljónum króna

# Viðauki



# Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi

- Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykil hagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 25% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 50% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 25%.

**Hagvöxtur**




**Atvinnuleysi**




**Verðbólga**




**Meginvextir SÍ (sjö daga bundin innlán)**




**EUR/ISK**




**Íbúðaverð (breyting milli ára)**



# Kennitölur

| | 4F 2021 | 3F 2021 | 2F 2021 | 1F 2021 | 4F 2020 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður eftir skatta | 7.322 | 7.492 | 6.487 | 7.618 | 9.822 | 28.919 | 10.521 | 18.235 | 19.260 | 19.766 |
| Arðsemi eigin fjár fyrir skatta | 14,0% | 13,8% | 12,2% | 14,2% | 17,8% | 13,6% | 5,1% | 9,6% | 11,1% | 11,0% |
| Arðsemi eigin fjár eftir skatta | 10,5% | 11,0% | 9,8% | 11,7% | 15,5% | 10,8% | 4,3% | 7,5% | 8,2% | 8,2% |
| Arðsemi heildareigna eftir skatta | 1,7% | 1,8% | 1,6% | 1,9% | 2,5% | 1,7% | 0,7% | 1,3% | 1,5% | 1,7% |
| Eiginfjárhlutfall alls | 26,6% | 24,9% | 25,1% | 24,9% | 25,1% | 26,6% | 25,1% | 25,8% | 24,9% | 26,7% |
| Hreinar vaxtatekjur | 10.395 | 9.600 | 10.332 | 8.626 | 9.694 | 38.953 | 38.074 | 39.670 | 40.814 | 36.271 |
| Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna | 2,4% | 2,3% | 2,5% | 2,2% | 2,4% | 2,3% | 2,5% | 2,8% | 3,2% | 3,1% |
| Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) | 47,6% | 37,9% | 41,7% | 45,8% | 38,8% | 43,2% | 47,4% | 42,6% | 45,5% | 46,1% |
| Heildarlausafjárþekja | 179% | 172% | 180% | 202% | 154% | 179% | 154% | 161% | 158% | 157% |
| Lausafjárþekja erlendra mynta | 556% | 443% | 420% | 477% | 424% | 556% | 424% | 769% | 534% | 931% |
| Lausafjárþekja ISK | 120% | 113% | 112% | 120% | 105% | 120% | 105% | 61% | 44% | 60% |
| Fjármögnunarþekja | 121% | 118% | 121% | 118% | 117% | 121% | 116% | 117% | 120% | 124% |
| Fjármögnunarþekja erlendra mynta | 142% | 122% | 140% | 140% | 132% | 142% | 132% | 143% | 166% | 179% |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna | 1,5% | 1,3% | 1,4% | 1,5% | 1,6% | 1,4% | 1,6% | 1,7% | 1,9% | 2,0% |
| Heildareignir | 1.729.798 | 1.718.358 | 1.677.297 | 1.600.952 | 1.564.177 | 1.729.798 | 1.564.177 | 1.426.328 | 1.326.041 | 1.192.870 |
| Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina | 154,1% | 158,2% | 157,6% | 162,1% | 160,5% | 154,1% | 160,5% | 161,1% | 153,6% | 153,0% |
| Stöðugildi | 816 | 837 | 844 | 869 | 878 | 816 | 878 | 893 | 919 | 997 |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstur

| | 4F 2021 | 3F 2021 | 2F 2021 | 1F 2021 | 4F 2020 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 10.395 | 9.600 | 10.332 | 8.626 | 9.694 | 38.953 | 38.074 | 39.670 | 40.814 | 36.271 |
| Hreinar þjónustutekjur | 2.593 | 2.522 | 2.314 | 2.054 | 1.981 | 9.483 | 7.638 | 8.219 | 8.157 | 8.431 |
| Hrein virðisbreyting útlána | 3.247 | 1.008 | 293 | 2.489 | 1.535 | 7.037 | -12.020 | -4.827 | 1.352 | 1.785 |
| Gjaldeyrisgengismunur | -69 | 55 | -45 | -27 | -52 | -86 | -278 | -584 | -1.497 | -1.375 |
| Aðrar rekstrartekjur | 551 | 2.161 | 1.614 | 2.617 | 4.919 | 6.943 | 4.839 | 9.039 | 5.084 | 8.400 |
| **Rekstrartekjur samtals** | **16.717** | **15.346** | **14.508** | **15.759** | **18.077** | 62.330 | **38.253** | **51.517** | **53.910** | **53.512** |
| Laun og launatengd gjöld | 4.028 | 3.238 | 3.724 | 3.769 | 3.986 | 14.759 | 14.767 | 14.458 | 14.589 | 14.061 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.386 | 2.202 | 2.202 | 2.315 | 2.433 | 9.105 | 9.064 | 9.534 | 9.348 | 9.789 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 508 | 525 | 513 | 467 | 400 | 2.013 | 1.815 | 4.204 | 3.860 | 3.253 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **6.922** | **5.965** | **6.439** | **6.551** | **6.819** | 25.877 | **25.646** | **28.196** | **27.797** | **27.103** |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **9.795** | **9.381** | **8.069** | **9.208** | **11.258** | 36.453 | **12.607** | **23.321** | **26.113** | **26.409** |
| Tekjuskattur | 2.473 | 1.889 | 1.582 | 1.590 | 1.436 | 7.534 | 2.086 | 5.086 | 6.853 | 6.643 |
| **Hagnaður tímabils** | **7.322** | **7.492** | **6.487** | **7.618** | **9.822** | 28.919 | **10.521** | **18.235** | **19.260** | **19.766** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagur

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 | Breyting | | 31.12.2019 | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innistæður í Seðlabanka | 82.425 | 67.604 | 14.821 | 22% | 69.824 | 70.854 | 55.192 |
| Markaðsskuldabréf | 150.435 | 119.330 | 31.105 | 26% | 115.262 | 77.058 | 117.310 |
| Hlutabréf | 33.347 | 26.808 | 6.539 | 24% | 30.019 | 23.547 | 27.980 |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 47.231 | 48.073 | -842 | -2% | 47.929 | 71.385 | 44.866 |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.387.463 | 1.273.426 | 114.037 | 9% | 1.140.184 | 1.064.532 | 925.636 |
| Aðrar eignir | 28.897 | 28.936 | -39 | 0% | 23.110 | 18.665 | 21.886 |
| **Eignir samtals** | **1.729.798** | **1.564.177** | **165.621** | **11%** | **1.426.328** | **1.326.041** | **1.192.870** |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 10.425 | 48.725 | -38.300 | -79% | 48.062 | 34.609 | 32.062 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 900.098 | 793.427 | 106.671 | 13% | 707.813 | 693.043 | 605.158 |
| Lántaka | 486.042 | 420.178 | 65.864 | 16% | 373.168 | 314.412 | 281.874 |
| Aðrar skuldir | 29.803 | 22.227 | 7.576 | 34% | 30.470 | 31.027 | 27.642 |
| Víkjandi lántaka | 20.785 | 21.366 | -581 | -3% | 19.081 | 13.340 | 77 |
| Eigið fé | 282.645 | 258.255 | 24.390 | 9% | 247.734 | 239.610 | 246.057 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **1.729.798** | **1.564.177** | **165.621** | **11%** | **1.426.328** | **1.326.041** | **1.192.870** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Starfsþættir

| 1.1 - 31.12.2021 | Einstaklingssvið | Fyrirtækjasvið | Eignastýring og miðlun | Fjárstýring og viðskiptavakt | Aðrir starfsþættir | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 16.986 | 18.754 | 468 | 2.843 | -62 | -36 | 38.953 |
| Hreinar þjónustutekjur | 3.072 | 1.612 | 5.388 | -241 | -2 | -346 | 9.483 |
| Hrein virðisbreyting útlána | 1.424 | 5.596 | 0 | 13 | 4 | 0 | 7.037 |
| Aðrar tekjur og (gjöld) | 238 | 100 | 559 | 5.305 | 670 | -15 | 6.857 |
| **Rekstrartekjur (gjöld) samtals** | **21.720** | **26.062** | **6.415** | **7.920** | **610** | **-397** | **62.330** |
| Rekstrarkostnaður | -6.783 | -2.981 | -2.102 | -1.528 | -10.835 | 365 | -23.864 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | -845 | -370 | -8 | -776 | -14 | 0 | -2.013 |
| Úthlutaður kostnaður | -4.245 | -2.786 | -1.079 | -920 | 9.030 | 0 | 0 |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | **9.847** | **19.925** | **3.226** | **4.696** | **-1.209** | **-32** | **36.453** |
| Tekjuskattur | -2.609 | -5.061 | 264 | -382 | 254 | 0 | -7.534 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | **7.238** | **14.864** | **3.490** | **4.314** | **-955** | **-32** | **28.919** |
| | | | | | | | |
| Heildareignir | 772.724 | 613.071 | 12.004 | 672.837 | 20.214 | -361.052 | 1.729.798 |
| Heildarskuldir | 728.841 | 491.925 | 7.259 | 559.966 | 20.214 | -361.052 | 1.447.153 |
| Úthlutað eigið fé | 43.883 | 121.146 | 4.745 | 112.871 | 0 | 0 | 282.645 |



Fjárhæðir í milljónum króna

# Fyrirvari

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.

- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.

- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættum og óvissuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.

- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.

- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.